

JARDSVEIFLUMÆLINGAR Í ÁGÚST 1964

Skýrsla um úrvinnslu

eftir

Gylfa Guðnason

Ágúst 1964.

## Jarðsveiflumálíngar í ágúst 1964

### Skýrsla um úrvinnslu

I byrjun ágúst 1964 fór Þórarinn Stefánsson með mælingaflokk á Reynisfjöru við Dyrhólaey til jarðsveiflumálíngar. Markmið mælinganna var að finna þykkt sandsins. Þórarinn hafði ekki tíma til að vinna úr niðurstöðunum og var það því falið undirrituðum. Þórarinn hafði lesið af filmunum og færð inn í töflur. Einnig setti hann nokkuð af töflunum upp í linurit, en í miklum flýti, og var lítið nytt af því. Frá Þórarinni komu því:

Nefndar filmur og töflur.

Loftmyndir og teikning með skyringum af mælisvæðinu.

Dagbók.

Þórarinn kom sér upp merkingakerfi, sem ég hef haldið að mestu:

Sneið er safn af lögnum, sem mynda beina línu.

Lögn er ein fónaröð (ll fónar).

SILLA þýðir þannig Sneið l lögn A.

Skotpunktar eru merktir með litlum bókstöfum, a,b,c. c er alltaf miðjuskot, en a og b út frá enda lagnar.  $a_0$  er í 20 metra fjarlægð frá lögn,  $a_1$  100 m,  $a_2$  200 m o.s.frv. Útreikningsblöð míni sýna innbyrðis afstöðu lagna og skotpunkta innan hverrar sneiðar, en sjálfar eru sneiðarnar merktar inn á teikningu og loftmyndir. Þar sem skotpunktar mismunandi lagna geta ruglast er nafni lagnar bætt við sem index, t.d. er  $a_{22}$  skotpunktur  $a_2$  í lögn 2. Þetta indexkerfi blómstrar síðan áfram við útreikningana.

$z_0$  er þykkt efsta lags að frádreginni hálfdri skotdýpt,  
 $z_1$  er þykkt næst efsta lags o.s.frv.  $d_0$  er dýpi niður á  
næstefsta lag og  $d_1$  ofan á þriðja efsta lag, þ.e.  
 $d_1 = d_0 + z_1$ , o.s.frv.

Svo koma indexarnir:  $d_{1a}$  verður dýptin niður á þriðja lag  
í skotpunkti  $a_1$  í  $^{1B}$  lögn B. Enginn ruglingur  
getur orðið milli sneiða.

Til útreikninga á þykkt hinna mismunandi laga var mest  
notauður intercept-tími,  $T_{i1}$ .  $T_{i1}$  er intercept-tími fyrir  
efsta lag  $T_{i1}$  fyrir annas o.s.frv.  $T_{i2}^{a_3}$  verður þá  
intercept-tími þriðja lags í skot- punkti  $a_3$  í  
lögn 1. I sneið 4 var þó mest notuð brotfjarlægð.

Formúlurnar sem notaðar voru finnast á bls. 254 í bók Nettletons Geophysical Prospecting for Oil. Þær formúlur eru fyrir hallalaus lög, en ég komst að þeirri niðurstöðu, að sá halli, sem hér gæti verið fyrir hendi eftir hraðamismun í báðar áttir, mündi ekki valda teljandi skekkju í formúlunum.

#### Niðurstöður:

Austan Dyrhólaeyjar koma fram 3 lög: Efst burr sandur með hljóðhraða 300-400 m/s, síðan lag með hljóðhraða 1600-1700 m/s næstum örugglega sandur undir jarðvatnsfirborði og lag með hraða 2300-3500 m/s, sem verður að teljast hið fasta lag, sem leitab er að. Dýptarsnið hefur verið gert af sneiðum þessum (1-3), sem sýnir  $d_1$ , þ.e. dýptina niður á 3ja lagið.

Sneiðar 4 og 5 eru vestan Dyrhólaeyjar. I sneið 4 koma fram 2 lög efst lag með hraða 2000 m/s, það lag er blaður sandur, og síðan fast lag með hraða 4000 m/s. I sneið 5 er erfitt að segja til um efri lögin, þar eð minnsta skotfjarlægð er 100 m. Frír hraðar koma fram 2700 m/s,

4000 m/s og 6000 m/s, hinir síðar nefndu aðeins í lögn 2. Af dagbök Þórarins er gizkað á 2ggja metra þykkt lag af purrum sandi með hraða 400 m/s, en auk þess gert ráð fyrir lagi af blautum sandi með hraða 1600 m/s. Í S5L2a<sub>3</sub> og S5L2a<sub>4</sub> er auk þess gert ráð fyrir sömu þykkt á þriðja lagi og í S5L2a<sub>2</sub>. Lagið með hraða 2700 m/s er talið fast og reiknað dýpi niður á það.

Teiknuð voru dýptarsnið af sneiðum 4 og 5, en samt varð við punktunum S5L2a<sub>3</sub> og S5L2a<sub>4</sub> sem óþruggum. Þó virðist sandþykktin aukast í austurenda S5.

Litla tilraun hef ég gert til að ástla skekkju í niðurstöðunum, en gizka á, að hún sé vart meiri en 10%.

26. ágúst 1964

Gylfi Guðnason

### Stæsetning mælinga austan Dyrhólaeyjar

Dregin er lína L frá austasta horni Dyrhólaeyjar og í stefnu á bainn Garð undir Reynisfjalli.

A L 150 m austan Dyrhólaeyjar er punkturinn A.

Sneið 1: Lögð frá pkt. A og 200 m til austurs eftir L.

Sneið 2: Lögð frá pkt. 600 m austan við A og 200 m til austurs eftir L.

Sneið 3: Lögð frá pkt. 1200 m austan við A og 100 m til austurs eftir L.


### Stæsetning vestan Dyrhóla

#### Akvörðun á sniði 4

1. Dregin er lína gegnum pkt. D gegnum nyrzta Reynisdranga.
2. Dregin er lína gegnum drangana E & F.
3. Syðri endi sneiðar er í skurðpunktí 1 & 2 og stefnir sneiðin á kirkjuturn undir Reynisfjalli (kirkju á Reynishólum).

#### Akvörðun á sniði 5

Dregin er lína gegnum dranga G & E frá, H er dregin lína í stefnu á ..... Par sem H lína sker GE er pkt I og sneið er lögð eftir H-línu 500 m til vesturs.



Mynd 1. Kortið sýnir legu mælinga

① Bærinn Garður

② Kirkja ó Reynishóttum

RAFORKUMÁLASTJÓRI Jarðhitadeild  
Dýptarsnið og innbyrðis afstaða sneiða  
I, 2 og 3 á Reynisfjöru.  
Jarðsveiflumælingar í ágúst 1964


26.8.'64 G/VS  
Tnr. 13 Tnr. 2  
J-Jarðsv. J-Vík  
Fnr. 6809

Um staðsetningu punktsins A og afstöðu línumnar sjá loftmynd eða

upprótt af svæðinu.

Hver punktur stendur fyrir sérstaka dýptarmælingu.

Ve ← → Au




26-8 '64 G / V.S  
Tnr. 14 Tnr. 3  
J-Jarðsv. J-Vík  
Fnr. 6810

RAFORKUMÁLASTJÓRI Jarðhitadeild  
Dýptarsnið af sneiðum 4 og 5 á  
Reynisfjöru.

Um staðsetningar punktanna S, T og I sjá loftmyndir  
eða uppdrátt af svæðinu.  
Punktar merktir  $\otimes$  í S5 eru öruggir.

Jarðsveiflumælingar í ágúst 1964

Sneið 4



Sneið 5

